

# Lög

## um breyting á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og lögum nr. 110/2007, um kauphallir (framkvæmd fyrirmæla, tilkynning um víðskipti o.fl.).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Skyldur við framkvæmd fyrirmæla á skipulegum verðbréfamarkaði.*

Við framkvæmd víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eru fjármálfyrirtæki ekki skuldbundin til þess að framfylgja skyldum skv. II. kafla þegar víðskipti eru framkvæmd þeirra á milli. Hins vegar skulu fjármálfyrirtæki framfylgja skyldum skv. II. kafla gagnvart víðskiptavinum sínum þegar þau framkvæma víðskiptafyrirmæli fyrir þeirra hönd á skipulegum verðbréfamarkaði.

##### 2. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna bætist: við upphaf víðskiptasambands.

##### 3. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálfyrirtæki er skylt að tilkynna um víðskipti með fjármálagerninga skv. 1. mgr. með einkvæmu auðkenni (kennitölu). Sé einkvæmt auðkenni (kennitala) ekki til staðar skal fjármálfyrirtæki tilkynna um víðskipti með fjármálagerninga á öðru formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- Í stað orðanna „skipulegs verðbréfamarkaðar“ í 2. mgr. kemur: markaðstorgs.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef víðskipti með framseljanleg verðbréf, sem hafa verið tekin til víðskipta á skipulegum markaði, fara einnig fram á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) án samþykkis útgefanda er útgefandinn ekki skuldbundinn til að annast viðvarandi eða sérstaka fjárhagslega upplýsingagjöf um verðbréfin á því markaðstorgi.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 110/2007, um kauphallir, með síðari breytingum.**

5. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Ráðstafanir vegna miðlægs mótaðila og greiðslujöfnunar og uppgjors.*

Skipulegum verðbréfamörkuðum er heimilt að gera videigandi ráðstafanir vegna miðlægs mótaðila eða greiðslujöfnunarstöðvar og uppgjörskerfis í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu í því skyni að greiðslujafna eða gera upp sum eða öll viðskipti sem markaðsaðilar í þeirra kerfum ganga frá.

Lögbært yfirvald skipulegs verðbréfamarkaðar má ekki hamla notkun miðlægs mótaðila, greiðslujöfnunarstöðva eða uppgjörskerfa í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu nema sýnt sé fram á að það sé nauðsynlegt til að viðhalda skipulegri starfsemi þess skipulega markaðar og að teknu tilliti til tæknilegra skilyrða um uppgjörskerfi skv. 27. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 26. mars 2014.*